

Akureyri, 29. maí 2018
1805024 KBR

Efni: Skyldur sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum

Jafnréttisstofa vill minna sveitarstjórnir á ákvæði laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem lúta að skyldum sveitarfélaga. Eftirfarandi ákvæði eiga sérstaklega við sveitarfélögin:

- 12. gr. laganna kveður á um að skipa skuli jafnréttisnefndir sem fjalla um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags. Skulu nefndirnar m.a. hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára sem leggja skal fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.
- 15. gr. laganna kveður á um að þess skuli gætt við skipan í nefndir, ráð og stjórnir að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

Að auki bera sveitarfélögin skyldur skv. lögnum sem atvinnurekendur og veitendur þjónustu.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út upplýsingaritið *Jafnréttismál eru sveitarstjórnarmál* og er þar að finna hagnýtar upplýsingar um hlutverk sveitarfélaga <http://www.samband.is/media/jafnrettismal/Jafnretti2.pdf>

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>
Velkomið er að leita til stofnunarinnar um leiðbeiningar og aðstoð. Hægt er að hafa samband í síma 460 6200 eða senda fyrirspurnir með tölvupósti í netfangið jafnretti@jafnretti.is

Ýmsar gagnlegar upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.jafnretti.is

Athygli sveitarstjórna er vakin á því að haldnir eru samráðsfundir sveitarfélaga um jafnréttismál hvert haust. Næsti fundur verður í Mosfellsbæ 20. september.

Virðingarfyllst,



Katrín Björg Ríkarðsdóttir

framkvæmdastjóri